



Forsætisnefnd

Skráning á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar

Á fundi borgarstjórnar 3. mars sl. voru samþykktar meðfylgjandi reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar. Eins og fram kemur í reglunum er skráningin með öllu valkvæð en reglunum er ætlað að veita almenningi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa hjá Reykjavíkurborg og trúnaðarstörf þeirra utan borgarstjórnar og þar með auka gagnsæi í störfum borgarstjórnar Reykjavíkur. Forsætisnefnd staðfesti eyðublað á fundi sínum 17. apríl sl. til notkunar fyrir þá borgarfulltrúa sem skrá fjárhagslega hagsmuni sína.

Það tilkynnist forsætisnefnd hér með að innleiðingu reglnanna er lokið. Ný hagsmunaskráning borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa var birt á vef Reykjavíkurborgar 1. október sl.sjá: <https://reykjavik.is/fjarhagslegir-hagsmunir> auk þess sem tenglar eru á skráninguna á heimasíðum borgarfulltrúa.

Eldri skráning hefur verið tekin úr birtingu.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar dags. 3. mars 2020

Eyðublað staðfest á fundi forsætisnefndar 17. apríl 2020

Minnisblað fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 25. september 2020.

